

Húftr. fiskiskipa undir 100 t

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Skilmáli M-8

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER HÚFTR. FISKISKIPA UNDIR 100 T?

Húftrygging fiskiskipa bætir alltjón og hlutatjón á fiskiskipi undir 100 tonnum og tjón á fylgifé þess. Tryggingin bætir jafnframt tjón sem skipið veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess. Til viðbótar er váttryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kann að bíða við það, að skipið ferst.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Algert tjón.
- ✓ Tjón á skipi af völdum þess að það sekkur eða hvolfir, storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, snjóflóðs, aurskriðu, elds, sprengingar, eldingar, strands, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, áreksturs á annan fastan eða fljótandi hlut.
- ✓ Tjón á aðalvél skipsins.
- ✓ Tjón vegna innbrots, þjófnaðar eða skemmdarverka.
- ✓ Björgunarkostnað.
- ✓ Þátttöku í sameiginlegu sjóttjóni.
- ✓ Kostnað við förgun muna vegna bótaskyldrar viðgerðar.
- ✓ Tjón þriðja aðila sem skipið veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess.
- ✓ Kostnað við að fjarlægja flak skipsins.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanni. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem skipið flytur.
- ✗ Skemmdir á þeim hlutum skipsins, sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
- ✗ Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón sem rakið verður til hönnunargalla.
- ✗ Tjón er stafa af því að skipið var óhaffært er það lét síðast úr höfn, var ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði ekki nauðsynleg skipsskjöl eða var ekki tryggilega hlaðið.
- ✗ Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð.
- ✗ Aukakostnað vegna nætur- og helgidagavinnu.
- ✗ Kostnað við að hreinsa og mála botn skipsins.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.

- ✗ Óbeint tjón váttryggðs, svo sem aflatjón og kostnaður váttryggðs af töfum, svo sem kostnað við mannahald, hafnargjald og eldsneytisnotkun.
- ✗ Sektir og refsiviðurlög.
- ✗ Tjón á fiskkössum, afla og veiðarfærum, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nemum og sendum sem festir eru við veiðarfæri, neti, línum, færum, belgjum, baujum og bólfærum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber váttryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.
- Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum opinberra stofnanna svo sem Siglingastofnunar og Löggildingarstofu. Skipið skal ávallt vera fullkomlega haffært og með gilt haffærisskírteini þegar lagt er úr höfn.
- Skipinu skal ávallt læsa tryggilega þegar það er mannlaust í höfn og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang inn í skipið.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir aðeins fyrir hið váttryggða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, nema um sér að ræða siglingu til hafna Vestur-Evrópu.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Vátryggðum er skylt að veita Verði heimild til að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar þess er óskað.
- Jafnskjótt og vátryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- Vátryggður skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á skipinu, nema Vörður fari fram á annað. Vátryggðum er skylt að hafa fullt samráð við félagið um, hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum, sem vátryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskilyt að greiða kostnaðarauka er af því leiðir.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.